# AÐ BRÚA BILIÐ

Kynning í Þjóðhagsráði

23. október 2023

- Fæðingarorlofskerfið
- Tekjur ungbarnafjölskyldna
- Staða leikskólamála
  - Könnun Sambandsins
  - Hagtölur
- Frjósemi, fólksfjölgun og atvinnuþátttaka

# Lögin um fæðingar- og foreldraorlof

Markmið laganna hafa verið óbreytt frá 2001

- að tryggja barni samvistir við báða foreldra
- að gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf

# Lengd sjálfstæðs réttar til fæðingarorlofs

| | Sjálfstæður réttur annars foreldris | Sjálfstæður réttur hins foreldris | Sameigin-legur réttur | Framseljan-legur réttur |
|---|---|---|---|---|
| Löggjöfin frá 2000 - 2019 | 3 | 3 | 3 | |
| Löggjöfin árið 2020 | 4 | 4 | 2 | |
| Löggjöfin árið 2021 | 6 | 6 | - | 1,5 mánuður hvort foreldri |

# Framsal á sjálfstæðum rétti 2021 og 2022

Bráðabirgðatölur

| | 2021 | 2022 |
|---|---|---|
| Framsal til föður | 4% | 2% |
| Framsal til móður | 66% | 65% |

Ársskýrsla Fæðingarorlofssjóðs 2022

- Aðeins um þriðjungur feðra framselur ekki hluta af rétti sínum til móður
- Feður nýttu ekki óframseljanlegan rétt sinn að fullu árin 2021 og 2022

# Árið 2022 voru mæður að meðaltali 215 daga í fæðingarorlofi en feður 118 daga – í kerfi þar sem hvort um sig á 180 daga

# Feður taka að jafnaði aðeins um 48-55% af fjölda fæðingarorlofsdaga mæðra




Fæðingarorlofssjóður

# Nýting feðra á fæðingarorlofi eftir tekjufjórðungum 2006 - 2022

- Feðurnir í hæsta tekjufjórðungi taka að meðaltali fæsta daga í fæðingarorlofi og dögum fjölgar eftir því sem tekjurnar lækka
- Fram til ársins 2008 var var lítill munur á fjölda daga feðra í fæðingarorlofi eftir tekjum




*Mynd 10. Tengsl fæðingarorlofsnýtingar feðra og tekna (í fjórðungum) árin 2006 til 2022*

Ársskýrsla Fæðingarorlofssjóðs 2022

# Nýting mæðra á fæðingarorlofi eftir tekjufjórðungum 2006 - 2022

- Mæður tóku að meðaltali 6 mánuði í fæðingarorlof óháð tekjum fram til ársins 2020
- Frá og með lengingu orlofsins taka mæður að meðaltali rúmlega 7 mánuði í fæðingarorlof nema mæðurnar í lægsta tekjufjórðungi sem taka að jafnaði tæplega 7 mánuði




*Mynd 11. Tengsl fæðingarorlofsnýtingar mæðra og tekna (í fjórðungum) árin 2006 til 2022*

Ársskýrsla Fæðingarorlofssjóðs 2022

# Hlutfall mæðra og feðra sem eru með tekjur umfram hámarksgreiðslur fæðingarorlofssjóðs 2005 - 2022




Ársskýrsla Fæðingarorlofssjóðs 2022

# Kaupmáttur hámarksgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði er um 50% lægri en á árinu 2005



# Hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði sem hlutfall af heildarlaunum fullvinnandi 2008-2023

## Meðaltal launa




Hámarksgreiðslur voru um 125% af meðaltali launa árið 2008 en eru nú um 63%

## Miðgildi launa




Hámarksgreiðslur voru um 145% af miðgildi launa árið 2008 en eru nú um 71%

Hagstofa Íslands og Fæðingarorlofssjóður

# Greiðslur úr fæðingarorlofssjóði 2021 eftir tekjubili - hlutfallsleg skipting innan kyns



# Ráðstöfunartekjur lækka um ~20% við barneignir

Þetta eru fyrstu niðurstöður tölfræðilegs líkans, sem ber að taka með fyrirvara




Ráðstöfunar-tekjur lækka um 20% á fæðingarári barns og haldast óbreyttar árið eftir. Tekjurnar vaxa á 2. og 3. ári en eru enn nokkuð frá þeim tekjum sem ætla má að hefðu orðið ef ekki hefði komið til barneigna

Myndin fylgir eftir ráðstöfunartekjum foreldra sem eignast barn á ári 0. Leiðrétt er fyrir almennri kaupmáttarþróun, svo gildi vísitölunnar er 100 þegar ráðstöfunartekjur fylgja kaupmáttarþróun.

# Ráðstöfunartekjur feðra lækka lítillega við fæðingu barns

Þetta eru fyrstu niðurstöður tölfræðilegs líkans, sem ber að taka með fyrirvara




Ráðstöfunartekjur lækka um 3-5% á fæðingarári barns.

Myndin fylgir eftir ráðstöfunartekjum foreldra sem eignast barn á ári 0.

Leiðrétt er fyrir almennri kaupmáttarþróun, svo gildi vísitölunnar er 100 þegar ráðstöfunartekjur fylgja kaupmáttarþróun.

# Ráðstöfunartekjur mæðra lækka um ~30-40% við fæðingu barns

Þetta eru fyrstu niðurstöður tölfræðilegs líkans, sem ber að taka með fyrirvara




Myndin fylgir eftir ráðstöfunartekjum foreldra sem eignast barn á ári 0.

Leiðrétt er fyrir almennri kaupmáttarþróun, svo gildi vísitölunnar er 100 þegar ráðstöfunartekjur fylgja kaupmáttarþróun.

Ráðstöfunar-tekjur lækka um 30-40% á fæðingarári barns. Tekjurnar vaxa á 2. og 3. ári en eru enn nokkuð frá þeim tekjum sem ætla má að hefðu orðið ef ekki hefði komið til barneigna

# Leikskólarnir

- Samband íslenskra sveitarfélaga framkvæmdi könnun um dagvistunarmál vorið 2023
  - Upplýsingarnar eiga við um innritunarárið 2022 að mestu
- Könnun send á 20 sveitarfélög – 14 svöruðu
  - 319.291 íbúar í þessum 14 sveitarfélögum eða um 82% íbúa landsins

# Reglur eða viðmið um inntökualdur

- 13 sveitarfélög hafa sett reglur eða viðmið
  - Sjö sveitarfélög miða við 12 mánaða, tvö við 15 mánaða, tvö við 18 mánaða og tvö við 24 mánaða
- Af 14 sveitarfélögum í könnunni eru sex búin að ná viðmiðinu en tvö þeirra náðu því þó ekki haustið 2023
- Flest sveitarfélög telja sig ná viðmiðinu eftir eitt eða tvö ár
- Meirihluti íbúanna býr í sveitarfélögum þar sem bil myndast milli fæðingarorlofs og leikskóla og þó að viðmið um inntökualdur náist verður áfram bil í sveitarfélögum þar sem langflestir búa

# Viðmiðunaraldur



# Aldur barna við innritun í leikskóla í fyrsta sinn árið 2022






# Hlutfall barna á aldrinum eins til fimm ára á leikskóla 2000 - 2022

- 54% barna á öðru ári eru á leikskólum
- Hlutfall barna á leikskólum hefur hækkað það sem af er öldinn
- Mest er fjölgunin hjá börnum á öðru og þriðja ári

# Frjósemi, fólksfjölgun og atvinnuþátttaka

# Frjósemi

- Frjósemi minnkar hratt
- Árið 2021 voru lifandi fædd börn á ævi hverrar konu 1,6
- Þjóðin fjölgar sér því ekki með náttúrulegum hætti



# Börnum fjölgar minnst á milli áranna 2014 og 2023

- Minnkandi frjósemi endurspeglast í lítilli fjölgun barna
- Erlendum ríkisborgurum fjölgaði um tæplega 50.000 á tímabilinu, flest eru á vinnualdri
- Stórir árgangar eru að koma inn á eftirlaunaaldur og fara stækkandi á næstu árum




Hagstofa Íslands

# Vinnumarkaðurinn 2003 – 2022, 25-54 ára






# Samandregið

- **Markmið fæðingarorlofskerfisins nást ekki að fullu**
  - Barneignir hafa mun meiri áhrif á atvinnuþátttöku og tekjur kvenna en karla
  - Börn fá styttri tíma með föður en móður á fæðingarorlofstímabilinu
  - Hámarksfjárhæð orlofsins hefur ekki þróast í takt við laun á vinnumarkaði

- **Fá sveitarfélög eru með markmið um að leikskóli taki við af fæðingarorlofi**
  - Meirihluti barna á Íslandi fær ekki leikskólapláss fyrr en um eða eftir 18 mánaða aldur og
  - Umönnunarbil myndast því hjá mörgum sem bitnar fremur á atvinnuþátttöku kvenna en karla

- **Aðstæður barnafólks geta haft áhrif á fæðingartíðni, atvinnuþátttöku, atvinnutekjur og aldurspýramídann**